



INNRA MAT SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016

Skýrsla matsteymis

Matsteymi skipa Anna Bergros Arnarsdóttir, Björk Jónsdóttir,
Margrét Bergmann Tómasdóttir og Sigurður Arnarson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Skólanámskrá.....	3
1.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	3
1.2. Mat á skólanámskrá Síðuskóla með hliðsjón af aðalnámskrá.....	3
1.3. Umbótaáætlun vegna skólanámskrár	5
2. Nám og kennsla	5
2.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	5
2.2. Mat á námi og kennslu	6
2.2. Umbótaáætlun vegna náms og kennslu.....	6
3. Námsárangur	7
3.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	7
3.2. Mat á námsárangri	7
3.2.1. Samræmd próf í 4., 7, og 10. bekk.	7
3.2.2. Læsispróf fyrir 1. og 2. bekk.	8
3.2.3. Forspá um lesskilning	10
3.3. Umbótaáætlun vegna náms og kennslu.....	10
4. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi	10
4.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	10
4.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda nemenda.....	11
4.3. Umbótaáætlun vegna líðanar, þarfa og starfsanda nemenda	13
5. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi	13
5.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	13
5.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda starfsmanna.....	14
5.3. Umbótaáætlun vegna líðanar, þarfa og starfsanda starfsmanna	16
Lokaorð.....	17

Inngangur

Matsteymi Síðuskóla skólaárið 2015-2016 skipa Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri, Björk Jónsdóttir kennari, Margrét Bergmann Tómasdóttir kennari og Sigurður Arnarson kennari. Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir kennari er tengiliður og hefur umsjón með fyrirlögn Skólapúlsins.

Helstu áherslur í innra mati skólaárið 2015-2016 eru samkvæmt fjögurra ára áætlun:

- Skólanámskrá,
- nám og kennsla,
- námsárangur,
- nemendur – líðan, þarfir, starfsandi,
- starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi.

Hver þáttur fyrir sig er skoðaður út frá fyrirliggjandi gögnum s.s. niðurstöðum Skólapúlsins, frammistöðumati, samræmdum prófum, könnun á líðan, spurningakönnun og áhorfi. Fyrir hvern matsþátt er gerð áætlun um það sem meta skal. Rýnt er í gögn og þau dregin saman í niðurstöður. Í lok hvers undirkafla er tillaga að úrbótum ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar.

Hér að neðan má sjá fjögurra ára áætlun fyrir innra mat Síðuskóla.

2014-2015 Starfsáætlun, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Samstarf heimila og skóla	2015-2016 Skólanámskrá, Nám og kennsla, Námsárangur, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi
2016-2017 Starfsáætlun, Námsmat, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Aðbúnaður, Samstarf heimila og skóla, Ytri tengsl (tengsl skólastiga),	2017-2018 Skólanámskrá, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, Skólaþróun, Ráðstöfun auðlinda - fjármagns, tíma, mannaúðs og búnaðar

Ef ekki er svigrúm til að fara yfir alla matsþættina ár hvert færast þeir yfir á næsta skólaár. Fyrir liggur að ekki er ráðrúm til að fara yfir þáttinn nám og kennsla á skólaárinu 2015-2016 sem færast þá yfir á skólaárið 2016-2017.

1. Skólanámskrá

1.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta hvort skólanámskrá Síðuskóla stendur undir því sem lagt er upp með er rýnt í aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskráin borin saman við þá þætti sem þar liggja til grundvallar.

a) Bera skólanámskrá saman við aðalnámskrá og þá þætti sem þar eru tilgreindir (m.a. kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir sbr. 2gr. laga nr. 364/2013)

b) Leggja mat á útlit og uppsetningu

1.2. Mat á skólanámskrá Síðuskóla með hliðsjón af aðalnámskrá

Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.
- stefnu skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti.
- útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.
- markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár.
- námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.
- innra mat á árangri og gæðum.
- áætlanir um umbætur og þróunarstarf.
- samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.
- samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun.
- tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska.
- áætlanir um: móttöku nýrra nemenda, áfengis- og fíknivarnir, aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi, öryggis- og slysavarnir, jafnrétti og mannréttindi, viðbrögð við áföllum og agamál.

1. Upplýsingar um starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.

Á bls. 6 hefst kafli sem heitir *Byggingarsaga skólans*. Kaflanum lýkur á bls. 8.

Nefndin telur að kafli þessi uppfylli þau markmið sem tilgreind eru.

2. Upplýsingar um stefnu skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti.

Á bls. 8 hefst kafli *Sýn, stefna og starfshættir*. Kaflanum lýkur á bls. 11. Í kaflanum er fjallað um skóla án aðgreiningar, námsaðlögun, SMT-agakerfið, sýn skólans og einkunnarorð, stefnu skólans, heimasíðuna, skólasönginn og helstu markmiðin sem unnið er eftir í skólanum. Er það mat nefndarinnar að kafli þessi uppfylli markmið um upplýsingar um stefnu skólans og að hluta til um uppeldis- og kennslufræðilega stefnu. Ekki er sérstakur kafli um gildi skólans en undirkaflinn um sýn skólans og einkunnarorð uppfyllir þau markmið.

Á bls. 46 hefst kafli sem heitir *Nám og kennsla*. Þar eru nánari lýsingar á kennslufræðilegri stefnu skólans og þeim kennsluháttum sem unnið er eftir í Síðuskóla.

Ekki er sér kafli um uppeldis- og kennslufræðilega stefnu Síðuskóla heldur er fjallað almennt um stefnu skólans og þá kennsluhætti sem viðhafðir eru í skólanum.

3. Upplýsingar um útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.

Skólanámskrá Síðuskóla skiptist í sex megin kafla, grunnþættirnir og einkunnarorð skólans eru sá grunnur sem hún er byggð á. Á bls. 15 hefst kafli *Nám, kennsla og námsmat*. Þar eru nánari lýsingar á útfærslu skólans á grunnþáttum menntunar.

Ekki er sér kafli um áhersluþætti grunnskólalaga heldur er vísað í lögina þar sem við á.

4. Upplýsingar um markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár.

Ekki er sérstakur kafli í skólanámskrá þar sem fjallað er um markmið náms í ljósi aðalnámskrár. Frekari upplýsingar um markmið náms birtast í bekkjarnámskrám en þær eru í vinnslu. Ekki verður þó annað séð en að tillit sé tekið til aðalnámskrár við gerð skólanámskrár. Þess er einnig getið í skólanámskrá að þar sé að finna allar lögbundnar áætlanir sem skólanum ber að gera.

5. Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.

Á bls. 23 í skólanámskrá er kafli sem heitir *Námsmat*. Þar er á fullnægjandi hátt greint frá námsmati í skólanum og vitnisburðarkerfi.

6. Innra mat á árangri og gæðum.

Á bls. 28 er kafli um innra mat. Að auki er á bls. 34 kafli sem heitir *Ýmsar áætlanir og stefnur*. Þar er nánar farið í saumana á innra mati á árangri og gæðum skólastarfs.

7. Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.

Á bls. 30 í námskrá er kafli *Skólalæsi*. Í kaflanum er fjallað almennt um þróunarstarf og umbætur en engin sérstök verkefni tiltekin enda eru þau breytileg milli ára. Verkefni sem taka yfir lengri tíma s.s. Byrjendalæsi eru tilgreind.

Áætlun ekki sýnileg.

8. Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.

Í skólanámskrá er kafli *Samvinna heimilis og skóla* á bls. 31 þar sem grunnatriðum samstarfs og upplýsingamiðlunar er lýst. Í skólanum er öflugt foreldrafélag.

9. Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun.

- Á bls. 32 í skólanámskrá er samstarfi við leikskóla lýst. Nefndin telur að kafli uppfylli þau markmið sem tilgreind eru.
- Á bls. 32-33 í skólanámskrá er samstarfi við framhaldsskóla lýst. Nefndin telur að kafli uppfylli þau markmið sem tilgreind eru.
- Á bls. 56-57 í skólanámskrá er móttökuáætlun fyrir þá sem hefja nám í fyrsta bekk sem og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nefndin telur að kafli uppfylli þau markmið sem tilgreind eru að hluta. Vantar móttökuáætlun fyrir þá sem byrja í skólanum í eldri bekkjum.

10. Tengsl skóla við nærsamfélagið.

Í skólanámskrá vantar kafla um samstarfs skólans við nærsamfélagið og hvernig það nýtist til náms og þroska.

11. Ýmsar áætlanir um:

- móttöku nýrra nemenda. Í lagi, sjá námskrá bls. 56.
- áfengis- og fíknivarnir. Í lagi, sjá námskrá bls. 35-36.
- aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi. Í lagi sjá námskrá bls. 34.
- öryggis- og slysavarnir. Í lagi sjá námskrá bls. 60.
- jafnrétti og mannréttindi. Í lagi sjá námskrá bls. 37.
- viðbrögð við áföllum, Í lagi sjá námskrá bls. 59.
- agamál. Í lagi. Sérstakur kafli er um SMT skólafærni á bls. 13. Að auki er reglutafla í starfsáætlun og vísað í umfjöllun um SMT á heimasíðu skólans.

1.3. Umbótaáætlun vegna skólanámskrár

Í kaflanum hér að ofan er farið lið fyrir lið yfir þá þætti sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um að eigi að vera í skólanámskrá. Í þessum kafla er sérstaklega tekið fram það sem bæta þarf úr.

Í kaflanum um stefnu skólans þarf að skerpa á kennslufræðilegri stefnu skólans. Ekki er sér kafli um uppeldis- og kennslufræðilega stefnu Síðuskóla heldur er fjallað almennt um stefnu skólans og þá kennsluhætti sem viðhafðir eru í skólanum. Lagt er til að námskrárteymi skólans fyrir veturinn 2016-2017 skipuleggi þá vinnu og sjái um framkvæmd.

Ekki er sérstakur kafli í skólanámskrá þar sem fjallað er um markmið náms í ljósi aðalnámskrár. Ekki verður þó annað séð en að tillit sé tekið til aðalnámskrár við gerð skólanámskrár. Þess er einnig getið í skólanámskrá að þar sé að finna allar lögbundnar áætlanir sem skólanum ber að gera. Frekari upplýsingar um markmið náms birtast í bekkjarnámskrám. Fyrir liggur að vinna þarf að því að koma hæfniviðmiðum af meiri nákvæmni inn í kennsluáætlanir og námsmat. Þar þurfa allir kennarar að koma að og stjórnendur stýra þeirri vinnu. Hagræðing getur e.t.v. skapast af því að vinna þessa vinnu í Mentor.

Áætlanir um þróunarstarf liggja ekki fyrir og þar þarf að bæta úr. Lagt er til að námskrárteymi skólans fyrir 2016-2017 haldi utan um þá vinnu í samráði við stjórnendur og kennarafund.

Móttökuáætlun fyrir nemendur sem byrja í fyrsta bekk og nemendur með sérþarfir liggur fyrir en það vantar móttökuáætlun fyrir eldri nemendur sem byrja í skólanum, þ.e. þá sem koma í 2. bekk og síðar. Lagt er til að námskrárteymi skólans fyrir 2016-2017 haldi utan um þá vinnu í samráði við stjórnendur og kennarafund.

2. Nám og kennsla

2.1. Leiðir til gagnaöflunar

Meta skal hvernig námi og kennslu er háttað og er þá m.a. horft á námsaðlögun, agastjórnun og fjölbreytta kennsluhætti.

a) Stjórnendur heimsækja kennslustundir og skoða ákveðna þætti. Í framhaldi er rætt við kennara.

b) Niðurstöður kennsluþáttar Skólapúlsins. Rýna í þær spurningar og svör sem snúa að kennsluhluta starfsins.

2.2. Mat á námi og kennslu

Að þessu sinni er ekki lagt mat á kennslu með því að fara í heimsókn í bekki og ræða við kennara eins og til stóð. Niðurstöður skólapúlsins liggja hins vegar fyrir. Þar eru nokkir þættir sem snúa að námi og ástundun ákveðinna námsgreina annars vegar og almennri ástundun náms hins vegar. Niðurstöður gefa laka mynd af námsmönnum Síðuskóla miðað við samanburðarhópa á landinu öllu.

Ánægja af lestri er minni en á landsvísu. Þannig hefur það verið undanfarin ár. Strákar sýna minni áhuga en stelpur og það er einn árgangur sem sker sig verulega úr. Aðrir árgangar eru svipaðir og samanburðarhópar.

Áhugi á stærðfræði er marktækt undir samanburðarhópi og hefur verið undanfarin ár. Bæði stelpur og strákar sýna minni áhuga jafnaðrar. Ef horft er á alla árganga, 6. – 10. bekk má sjá að 7. bekkur er örlítið yfir landsmeðaltali en aðrir árgangar marktækt undir.

Áhugi á náttúrufræði er minni í Síðuskóla en á landsvísu og hefur verið þannig síðustu ár. Stelpur eru nær landsmeðaltali en strákar. 7. bekkur er eini bekkurinn sem hefur meiri ánægju af náttúrufræði en jafnaðrar á landinu og 6. bekkur og 10. bekkur eru lítið fyrir neðan viðmiðunarhóp. Í 8. og 9. bekk hafa nemendur marktækt minni áhuga á náttúrufræði en samanburðarhópar.

Nemendur sýna minni þrautsegu í námi en nemendur í samanburðarskólum. Bæði stelpur og strákar eru þar undir og svo virðist sem þrautseggjan fari minnkandi milli ára. Allir árgangar eru undir viðmiðunarhópi jafnaðra á landinu öllu.

Trú á eigin vinnubrögð eru einnig undir viðmiðunarhópum, bæði hjá strákum og stelpum í öllum árgöngum og það sama má segja um trú á eigin námsgetu.

2.2. Umbótaáætlun vegna náms og kennslu

Þar sem ekki vannst tími til að vinna þann þátt í vetur sem snýr að áhorfi stjórnenda og samræðu við kennara verður hann settur í forgangsvinnu innra mats fyrir skólaárið 2016-2017.

Niðurstöður skólapúlsins varðandi nám og trú nemenda á sig sem námsmenn er ekki ásættanleg.

Næsta skólaár þarf að huga að:

- Kennarar séu meðvitaðir um þessar niðurstöður í gerð kennsluáætlana og leggi upp með ákveðnar breytingar.
- Á kennarafundi verði samræða kennara um þessa þætti og kennarar ræði í fámennari hópum úrlausnir sem síðan verður deilt til alls kennarahópsins.
- Kennarar ræði við nemendur um vandann og fái þeirra sjónarmið og hugmyndir um úrlausn. Nemendaping, í einhvers konar fomi er hugmynd sem upp kom og gæti hentað þar sem nemendur ræða saman í aldursblönduðum hópum og kynna síðan niðurstöður fyrir samnemum.

3. Námsárangur

3.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta námsárangur er rýnt í fyrirliggjandi gögn s.s. niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa sem eru stöðluð próf.

a) Niðurstöður samræmdra prófa síðustu ára


b) Niðurstöður læsisprófa síðustu tveggja ára

c) Niðurstöður greininga á lesskilningshluta samræmdra prófa og forspá MMS um árangur á næstu árum.

3.2. Mat á námsárangri


3.2.1. Samræmd próf í 4., 7, og 10. bekk.

Samræmd próf hafa síðustu ár verið lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk að hausti í íslensku og stærðfræði og að auki ensku í 10. bekk. Niðurstöður hafa verið gefnar í tölustöfum og bókstöfum í 10. bekk sl. haust en jafnframt er gefin upp raðeinkunn sem segir til um hundraðsröð miðað við jafnaldra á landsvísu. Einnig er gefin normaldreifð einkunn með meðaltal 30 sem er sá kvarði sem heppilegastur er í samanburði við aðra.




Mynd 1. Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk í Síðuskóla 2012-2015.

Eins og sjá má að mynd 1 vantar nokkuð upp á að Síðuskóli nái landsmeðaltali að öllu jöfnu. Á síðustu fjórum árum hefur skólinn einu sinni, eða árið 2014 komist yfir landsmeðaltal. Á þessu skólaári var skólinn yfir landsmeðaltali í stærðfræði og einnig á því síðasta sem er góð þróun. Skólinn hefur verið undir landsmeðaltali í ensku á síðastliðnum fjórum árum.



Mynd 2. Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk í Síðuskóla 2012-2015.

Á mynd 2 má sjá að niðurstöður í íslensku í 7. bekk hafa að jafnaði verið undir landsmeðaltali fyrir utan árið 2014 sem er örlítið yfir. Stærðfræðin er einnig undir frá 2012-2014 en nokkuð yfir árið 2015. Segja má að umtalsverðum árangri hafi verið náð, sérstaklega í stærðfræði ef miðað er við niðurstöður sama nemendahóps sem var í 4. bekk árið 2012 en þær sjást á mynd 3 hér að neðan.



Mynd 3. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk Síðuskóla 2012-2015.


Á mynd 3 má sjá að niðurstöður í íslensku hafa verið rétt undir meðallagi síðustu ár en fara umtalsvert yfir landsmeðatal árið 2015. Stærðfræðin hefur verið undir landsmeðaltali í 4. bekk síðustu ár.

3.2.2. Læsispróf fyrir 1. og 2. bekk.


Læsispróf eru lögð fyrir 1. og 2. bekk. Hér eru niðurstöður síðustu tveggja ára skoðaðar sjá [.\Námsárangur\Síðuskóli 2b apr15.docx](#) og [..\Námsárangur\Síðuskóli skóli 1b apr15.docx](#)

Læsi skimunarpróf fyrir 1. og 2. bekk samanstendur af þremur prófum sem lögð eru fyrir í nóvember, febrúar og apríl. Undanfarin 2 ár hefur 1. bekkur komið mjög vel út í þessum prófum, sem og 2. bekkur árið 2016. Árið 2015 kom 2. bekkur verr út en landsmeðaltalið.

Þessi mynd sýnir árangur 1. bekkjar í Síðuskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla árið 2016. Alls þreyttu 1131 nemendur af 1177 prófið og náðu 87% þeirra yfir 60% árangri. Í Síðuskóla tóku allir 40 nemendur prófið og náðu 93% þeirra yfir 60% árangri.



Þessi mynd sýnir árangur Síðuskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla árið 2016. Alls þreyttu 911 nemendur af 954 prófið og náðu 62% þeirra yfir 60% árangri. Í Síðuskóla tóku 29 nemendur af 32 prófið og náðu 82% þeirra yfir 60% árangri.



Árangur hjá 2. bekk veturinn 2014-2015 var ekki eins góður. Þá náðu aðeins 51% nemenda Síðuskóla yfir 60% árangri miðað við 71% á landinu öllu. Árangur 1. bekkjar árið 2015 var hins vegar mjög góður þar sem 90% nemenda náðu yfir 60% árangri samanborið við 73% af landinu öllu.

3.2.3. Forspá um lesskilning

Menntamálastofnun hefur umsjón með læsisverkefni sem sett var af stað í framhaldi af þjóðaráttaki um læsi haustið 2015. Því er ætlað að bæta lestrarkunnáttu nemenda og er markmiðið að árið 2018 geti a.m.k. 90% barna í 10. bekk lesið sér til gagns. Þegar rýnt er í niðurstöður Síðuskóla má sjá að á árunum 2010-2014 gátu 71% nemenda í 10. bekk lesið sér til gagns. Miðað við niðurstöður samræmdra prófa hjá yngri nemendum gefur forspá til kynna að 77% nemenda sem nú eru í 4. – 9. bekk geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla sem er minni hluti en væntingar standa til um.

3.3. Umbótaáætlun vegna náms og kennslu

Umbætur vegna samræmdra prófa. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir ár hvert er rýnt í stöðu nemenda. Kennarar hvers árgangs meta þörfina fyrir úrbætur í samráði við sérkennara sem leiðbeinir eftir þörfum. Kennarar taka fyrir ákveðna þætti til að vinna með eftir aðstæðum. Þessa vinnu má formfesta enn betur og útbúa leiðarvísi um hvað skal gera ef útkoma er ekki ásættanleg, ýmist hjá einstaklingum eða hópum.

Umbætur vegna læsisprófa í 1. og 2. bekk. Þar sem Læsisprófin komu vel út í Síðuskóla er ekki þörf á sérstökum umbótum. Lestrarkennsla er einstaklingsmiðuð í skólanum og ef árangur er ekki ásættanlegur er sérkennari hafður með í ráðum varðandi úrbætur.

Umbætur vegna forspár um lesskilning nemenda við lok grunnskóla. Forspá um lesskilning nemenda er ekki ásættanleg. Í vetur starfaði læsisteymi við skólann sem m.a. var með lestrarhvetjandi verkefni. Þá fékk miðstigið ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri þar sem einkum var horft til leiða til að efla lesskilning. Sú vinna mun halda áfram næsta skólaár og mun ritun koma þar inn að auki. Áfram mun starfa læsisteymi næsta skólaár, þvert á stig sem hefur það að markmiði að efla lestur og skilvirkni lesturs.

4. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi

4.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta líðan, þarfir og starfsanda nemenda er rýnt í fyrirbyggjandi gögn og kannanir.

- a) Skólapúlsinn, rýna í niðurstöður nemendakönnunar 6. – 10. bekkjar þegar upplýsingar liggja fyrir vorið 2016.
- b) Líðanakannanir, skoða líðan í bekk, þ.e. hversu margir telja að sér líði mjög vel og telja saman hve margir telja að þeir séu skildir útundan.
- c) Frammistöðumat, rýnt í niðurstöður frammistöðumats þar sem spurt er um líðan í skóla og líðan í frímínútum. Spurningin var opin en svörin voru flokkuð í mælanleg svör.

4.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda nemenda

Niðurstöður Skólapúlsins þegar allir hafa svarað sýna að almennt líður nemendum svipað og í samanburðarskólunum. Einelti hefur minnkað sem er ánægjulegt og er nú minna en hjá samanburðarhópum. Nemendur telja sig þó hafa minni stjórn á eigin lífi en í öðrum skólum er það frekar stelpur en strákar sem hafa þá skoðun. Þar er einn árgangur sem sker sig úr en aðrir sýna ekki marktækan mun miðað við jafnaldra.

Samband nemenda við kennara er lakara en samanburðarhóps. Kynjamundur er ekki fyrir hendi en það er einn árgangur sem sker sig úr hvað þetta varðar. Aðrir eru í kringum meðaltal viðmiðunarhóps.

Agi í tímum er samkvæmt upplifun nemenda minni hér en annars staðar og hefur farið versnandi síðusutu ár. Stelpum finnst aginn minni en strákum en bæði kyn upplifa þó aga marktækt minni en samanburðarhópar. Nemendum í 7. og 8. bekk finnst aginn vera ástættanlegur en öðrum ekki.

Líðankannanir eru lagðar fyrir nemendur tvisvar á skólaári þar sem spurt er út í eigin líðan og vinatengsl og hvort nemendur sjái eitthvað athugavert varðandi líðan annarra í bekknum. Lausnateymi skólans heldur utan um fyrirlögn og sér um eftirfylgd eftir atvikum.

Samantekt úr líðankönnunum skólaárið 2014-2015

	Hvernig líður þér í bekknum?				Ertu skilin/nn útundan í bekknum þínum?		
	Mjög vel	Frekar vel	Frekar illa	Mjög illa	já	Stundum/sjaldan	Nei
3. bekkur	19	9	1	0	0	11	14
4. bekkur	24	16	1	0		5	41
5. bekkur	14	14	3	1		16	16
6. bekkur	22	11	3	0		12	25
7. bekkur	25	19	0	0	1	15	28
8. bekkur	23	8	0	1	2	5	25
9. bekkur	26	18	2	0		10	35
10. bekkur	19	13	0	1		8	25
Samtals	172	108	10	3	3	82	209

Spurningunni: „Hvernig líður þér í bekknum?“ svöruðu 293 nemendur. Þar af líður 13 nemendum frekar illa eða mjög illa. Það eru 4,4% nemenda.

Spurningunni „Ertu skilinn útundan í bekknum þínum?“ svöruðu 294. Þar svara 3 nemendur játandi. Það eru 1% nemenda.

Stundum eða sjaldan svöruðu 82 nemendur eða 27,9% nemenda.

Líðan nemenda

Samantekt úr líðankönnunum skólaárið 2015-2016


	Hvernig líður þér í bekknum?				Ertu skilin/nn útundan í bekknum þínum?		
	Mjög vel	Frekar vel	Frekar illa	Mjög illa	já	Stundum/sjaldan	Nei
3. bekkur	16	14	1	1	1	13	20
4. bekkur	19	8	1	1	1	10	18
5. bekkur	21	16	2	0	0	13	27
6. bekkur	17	14	3	0	0	11	23
7. bekkur	26	7	5	1	1	5	29
8. bekkur	29	15	1	1	0	11	35
9. bekkur	28	13	0	0	1	6	34
10. bekkur	27	12	2	0	0	14	26
Samtals	183	99	15	4	4	83	212


Spurningunni: „Hvernig líður þér í bekknum?“ svöruðu 301. Þar af líður 19 frekar illa eða mjög illa. Það eru 6,3% nemenda. Á síðasta skólaári voru það 4,4% sem leið frekar eða mjög illa svo þeim nemendum hefur aðeins fjölgað.

Spurningunni „Ertu skilinn útundan í bekknum þínum?“ svöruðu 299. Þar svöruðu 4 svöruðu játandi. Það eru 1,3% nemenda.

Stundum eða sjaldan svöruðu 83 eða 27,8% nemenda sem er sambærilegt við fyrra ár.

Tvisvar á ári svara nemendur frammistöðumati í tengslum við foreldraviðtöl, yfirleitt í október og febrúar. Tekin hafa verið saman svör nemenda sem snúa að líðan tvö ár í röð en niðurstöðurnar má sjá í töflum hér að neðan.





4.3. Umbótaáætlun vegna líðanar, þarfa og starfsanda nemenda

Þeir þættir sem skera sig úr á neikvæðan hátt eru trú nemenda á eigin námsgetu, samband við kennara og agamál. Þarna verða lagðar til sömu leiðir til úrlausna eins í þættinum um nám og kennslu þ.e. samræða kennara og niðurstöður þeirra samtala og niðurstöður samræðna nemenda um það sem betur má fara.

Þegar niðurstöður úr líðankönnunum liggja fyrir fara fulltrúar í lausanteymi yfir niðurstöður. Rætt er við alla sem líður ekki vel og eins þá sem telja að þeir séu skildir útundan. Námsráðgjafi, deildarstjóri og fulltrúar lausanteymis sjá um þá vinnu. Ef þetta snýst um skort á félögum fá nemendur t.d. aðstoð við að nálgast klúbbstarfsemi eða ráð um hvernig hægt er að nálgast bekkjarfélaga.

Síðustu ár hafa verið í boði samskiptanámskeið á miðstigi fyrir stúlkur þar sem samræður og æfingar við að setja sig í spor annarra hafa hjálpað til við að bæta samskipti.

Það sem helst má lesa út úr samantekt varðandi frammistöðumatið er hve hátt hlutfall nemenda svarar ekki sem er bagalegt. Ljóst er að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að ná til þessa hóps. Stjórnendur hafa sent út póst þegar frammistöðumat opnar og kennarar minnt reglulega á að svara. Það virðist ekki duga til. Eitt ráð er að hringja til þeirra sem ekki hafa svarað eins og gert er í foreldrakönnun skólapúlsins. Það er einnig í skoðun innan skólans að einfalda frammistöðumatið og fækka spurningum en það gæti virkað hvetjandi fyrir einhverja.

5. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi


5.1. Leiðir til gagnaöflunar.

a) Valdar spurningar úr niðurstöðum starfsmannakönnunar skólapúlsins frá maí 2016 sem bornar eru saman við fyrri ár.


b) Niðurstöður starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar frá vori 2015.

5.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda starfsmanna


Ef rýnt er í niðurstöður Skólapúlsins sem snúa að líðan þörfum og starfsanda í Síðuskóla má sjá að starfsandinn er góður. Hér að neðan eru valdar myndir sem sýna niðurstöður sem samræmist þessum þætti innra mats.




Samkvæmt þessari mynd fer starfsandi batnandi í skólanum og er nú marktækt betri en hjá viðmiðunarhópum.



Þessi mynd sýnir að upplýsingastreymi fer batnandi innan skólans og er nú marktækt betri en í viðmiðunarskólum.




Samkvæmt þessari mynd eykst trú kennara við skólann á eigin getu en er þó enn marktækt minni en annarsstaðar.



Samkvæmt Skólapúlsinum er endurgjöf frá stjórnendum og samstarfsfólki marktækt minni hér við skólann en annarsstaðar en fer þó vaxandi milli ára.

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins telja kennarar við skólann að starfsaðstæður hér séu nokkuð sambærilegar og gerist annarsstaðar. Samkvæmt könnuninni er valddreifing í Síðuskóla marktækt meiri en í viðmiðunarskólum. Munurinn hefur aukist milli ára.

Starfsmannakönnun Akureyrarbæjar vor 2015. Á næstu síðu má sjá spurningar þaðan sem snúa að líðan, þörfum og starfsanda. Meirihlutinn er ánægður á vinnustaðnum og finnst starfsandinn góður. Hins vegar finnst mörgum álag vera helst til mikið og erfitt að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Starfsaðstaðan mætti vera betri og stjórnendur og samstarfsmenn þurfa að vera duglegri að hrósa fyrir vel unnin störf.



5.3. Umbótaáætlun vegna líðanar, þarfa og starfsanda starfsmanna

Þeir þættir sem skoðaðir voru í Skólapúlsinum sýna að staðan er batnandi milli ára. Eini þátturinn sem sker sig neikvætt úr miðað við samanburðarhópa á landinu öllu er trú kennara á eigin getu en sá þáttur er þó á uppleið milli ára. Ekki er talin þörf á sérstakri umbótaáætlun vegna þessa en halda áfram á sömu braut og hvetja kennara til dáða. Það tengist þættinum um mat á námi og kennslu þar sem stjórnendur hyggjast fara í bekk næsta skólaár og fylgjast með kennslu og gefa þar endurgjöf sem vonandi verður uppbyggileg.

Starfsaðstaðan mætti að mati starfsmanna vera betri. Hægt og bítandi er verið að endurnýja tölvukost kennara og menn reyna eftir megni að gera gott úr aðstæðum. Stofnunin er þó orðin rúmlega 30 ára og sumt komið á tíma. Í skólastarfi er eðlilegt að álag sé mismikið á hverjum tíma s.s. í upphafi og kringum námsmat eða uppbrotsdaga. Inni á milli er síðan minna álag þegar allt gengur sinn vanagang. Það er ljóst að allir mega taka sig á í að hrósa samstarfsmönnum.

Lokaorð

Þessi skýrsla hefur verið unnin jafnt og þétt yfir vetrartímann og lokahönd lögð á hana í júní. Matsteymið fundar einu sinni í viku yfir veturinn, eina klst. í senn en sá tími er knappur ef sinna á öllum matsþáttum vel. Þetta er hins vegar mikilvægur þáttur í skólastarfinu og nauðsynlegt að vera vel á varðbergi og bregðast við þegar hægt er að gera betur.

Veturinn 2015-2016 var gerð ytra mats úttekt á skólanum. Þar kom í ljós að margir þættir varðandi innra matið voru ekki í lagi. Unnið hefur verið að úrbótum í þeim þáttum sl. tvö skólaár og ljóst er að enn má þróa og bæta þennan lið. Nokkur tími fór í það í vetur hjá innra matsteymi að fara yfir umbótaáætlun vegna ytra mats og þrýsta á um úrbætur. Við erum að vinna annað árið af fjórum miðað við fjögurra ára áætlun frá skólaárinu 2014-2015 og höldum þeirri vinnu áfram næsta skólaár.